

ári hverju rita í hana skrá yfir hunda-eigendur í hreppnum, og hunda þá, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Ómerkhir flækingshundar og hundar, sem skotið hefir verið undan lækningu, skulu rjettdræpir.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal lækningamanni skylt að senda hreppstjóra, en hann aptur oddvita sýslunefndarinnar fyrir árslok skýrslu um lækninguna, er tilgreinir hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir hundar hafi læknaðir verið og frá hvaða bæjum, svo og hvort bandormar hafi komið niður af hundunum.

6. gr.

Lækningamaður annast útvegum meðala, og sjer um að ávallt sjeu nægar birgðir af þeim. Fyrir hverja einstaka lækningu á hundi skal greiða lækningamanni 50 aura, sem ásamt öðrum kostnaði við hundalækningarnar greiðist úr sýslusjóði, eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

7. gr.

Lækningamenn skulu hafa gætur á því, að fyrirmælum í 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890 sje stranglega fylgt. Sömu leiðis skulu þeir áminna menn um, að umgangast hunda mjög varlega og láta þá ekki ná í matar- eða vatnslát o. s. frv.

Hundum skal aldrei leyft að dvelja í búri, nje í íveruherbergjum manna, og sjerstaklega skal þess gætt, að börn ekki leiki sjer við þá. Skal á hverju heimili vera sjerstakt skýli eða afvikinn staður, er hundar sjeu hafðir í á nóttum.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um lækning á hundum 17. maí 1897 er hjer með úr gildi numin.

* * *
Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu á aðalfundi hennar 23. apríl 1901.

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júní 1901.

Páll Einarsson.

Samþykkt

um kynbætur hesta fyrir Árnæssýslu.

Sýslunefndin í Árnæssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Árnæssýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi skal kosin hrossakynbótanefnd, sem skipuð sje 3 mönnum og gengst hreppsnefndin fyrir kosningu hennar. Nefndir þessar sjeu kosnar á almennum hreppaskilafundum á vorin og gildir kosning þeirra til 3 ára í senn. Kosningarrjett hafa þeir einir, sem eiga atkvæðisrjett í sveitarmálum, en kjörgengur er hver tvítugur maður, sem er í sjálfstæðri stöðu, eða hefir leyfi húsbænda sinna, ef hann er hjú, til að takast slik störf á hendur. Kynbótanefndir þessar skulu gera ráðstafanir að kynbótum hesta, hver í sínum hreppi, samkvæmt reglum þessum, og sjá um, að þeim sje fylgt.

2. gr.

Kynbótanefndin velur á vori hverju eða lætur velja hryssur þær, er nota skal til kynbóta undaneldis, og svo margar, sem þurfa þykir, og skulu hreppsþúar skyldir til að koma með þær á þann stað, er hún til tekur. Nefndin sjer um, eptir því sem henni er unnt, að nægilega margir graðhestar sjeu til í hreppnum, en þó eigi fleiri, en þörf er á.

3. gr.

Öll hesttrippi, sem eru undan yngri hryssum en 5 vetra og eldri en 15 vetra, skal gelda ekki síðar en á öðru ári. Sama er að segja um trippi undan hryssum, sem eru skjóttar, hvítar eða með göllum, svo sem glaseygar, snúinhæfðar, mjög litlar, illa vaxnar, horsamar o. s. frv. Eignist hryssur þessar hestfolöld, sem skapnadarins vegna ekki verða gelt, ber eiganda þeirra að gæta þess, að hryssur fái eigi með þeim folum, enda skal sæta hinu fyrsta tækifæri til að gelda þá.

4. gr.

Ef hryssur þær, sem valdar eru til undaneldis, eiga hestfolöld með einhverjum af göllum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., skal gelda þau á öðru ári, en ala öll hin ógelt, þar til þau eru fullra 2 ára. Þá skal að vorinu velja úr það fallegasta til undaneldis, en gelda hin fyrir maímánaðar lok.

5. gr.

Við val á hryssum og hestum til undaneldis skal þess gætt, að hvorugt hafi galla þá, sem taldir eru í 3. gr. Ennfremur skal þess gætt, að þau sjeu ekki getin af náskyldum foreldrum, hafisvarta og gallalaus hófa, sjeu einlit, þó ekki hvít, með hreinan gang, helzt ættgengan, mikið brjósthól og breiða lend.

6. gr.

Hryssur þær, sem hafðar eru til undaneldis, verður að nota gætilega og fódra vel, einkum um meðgöngutímann.

7. gr.

Hestfold þau, er ætla má að hæf verði til undaneldis, skal ala upp sem allra bezt. Bezt er að láta þau ganga undir sem dilka, en sjeu þau vanin und-

an, má eigi gera það, ef unnt er, fyr en eptir þorralok, og þá smátt og smátt, og fóðra þau svo, að ekki komi apturkippur í framför þeirra. Þess ber og vel að gæta, að nota hesta, sem hafðir eru til undaneldis, mjög varlega til allrar vinnu og fóðra þá vel.

8. gr.

Ef unnt er, skal ekki láta graðhesta byrja að fylja hryssur fyr en þeir eru 4 vetra. Eigandi hestsins er skyldur að ljá hann hreppsþúum til afnota samkvæmt samþykkt þessari, til þess er hann er 6 vetra. Þó má kynbótanefndin veita undanþágu frá þessu, ef henni þykir ástæða til.

9. gr.

Kynbótanefndin ákveður hæfilega þóknun til eiganda graðhesta fyrir notkun hans. Skal upphæð sú nægja fyrir vetrarfóðri hestsins og goldin í fyrsta sinni þegar hesturinn er 4 vetra. Þóknun þeirri, er kynbótanefndin ákveður til eiganda graðhestsins, jafnar hún niður á öll föld, sem fæðast í hreppnum það ár. Þó má nefndin með samþykki meiri hluta hrossaeigenda í hreppnum jafna kostnaðinum niður á þá á annan hátt. Öll önnur bein útgjöld, sem kunna að leiða af því, að framfylgja þessari samþykkt, greiðist úr sveitarsjóði. Fyrir stört sín á nefndin eigi heimtingu á neinu endurgjaldi.

10. gr.

Treysti eigandi graðhests sjer ekki til að geyma hans fyrir vonzku sakir, skal kynbótanefndin gera ráðstafanir til að fá annan hreppsþúa að geyma hestinn, og semja þá við eigandann, að hann annaðhvort selji hann eða leigi. Sama er um það að segja, ef eigandinn notar hestinn til vinnu illa eða ógætilega, eða fóðrar hann laklega, og skal þá nefndin gera tilraun til að fá því breytt. Að öðrum kosti gerir hún ráðstafanir til, að hann sje seldur öðrum eða leigður.

11. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um kynbótastörf sín og árangur þeirra, og sjer hann um, að skýrslan verði lögð fram á næsta sýslunefndarfundi.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 50 kr., er renna í sveitarsjóð.

13. gr.

Samþykkt um kynbætur hesta fyrir Árnassýslu, staðfest at amtmanninum yfir Suðuramtinu 19. nóv. 1897, er úr gildi numin.

*

*

*

Samþykkt þessi, sem almennur hjeradsfundur hefir fallizt á, er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1901.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigandi til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 9. júlí 1901.

J. Havsteen.